



GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Oftar en ekki opið

Garðabær Opið alla daga frá 8-23:30



Krambúðin



KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR



Sigurður Gunnlaugsson
löggitur fasteignasali
Sími 898 6106



FLATEY
PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval

HEILSA & TRAPINGLA

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

320 leikskólaplássum úthlutað í mars og apríl

Leikskólaplássin byggja á þeirri mönnum sem þegar er til staðar í leikskólum bæjarins



Leikskólabörn sungu fyrir gesti þegar leikskólinn í Urriðabóli var vígður á dögunum

Garðabær hélt fjölmennan foreldra- og forráðamannafund um innritun í leikskóla bæjarins sl. mánudaginn.

Þar kom m.a. fram að Garðabær úthlutar 70 leikskólaplássum í marsmánuði og hefst dvöl á leikskóla á tímabilinu mars og maí.

Þá verður 250 leikskólaplássum úthlutað í aprilmánuði og hefst dvöl á leikskóla á tímabilinu maí og ágúst.

Alls er því um að ræða 320 leikskólapláss á tímabilinu mars og fram í ágúst, en þessi pláss byggja á þeirri mönnum sem þegar er til staðar í leikskólum bæjarins. (Frh. á bls. 2).

KOMINNTÍMA SKOÐUN?

Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is

HAFID FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

yuzu HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

“SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI!”

LEMON VEISLUBAKKAR Í FERMINGAR-VEISLUNA

Pantaðu á veisla@lemon.is

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR

VILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölu.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Töluverðar breytingar hafa átt sér stað á undanförunum mánuðum til að styrkja umhverfi leikskólanna



Garðabær er um þessar mundir í sérstakri ráðningarherferð, en bærinn býr að sterkum mannaði í leikskólum og þar er hátt hlutfall fagfólks

Eins og fram kemur á forsiðunni þá hélt Garðabær fjölmennan foreldra- og forráða- mannafund um innritun í leikskóla bæjarins sl. mánudaginn og þar koma m.a. fram að Garðabær muni úthluta 320 leikskólaplássum í mars og apríl.

Þar var líka farið yfir önnur mál er koma að leikskólamállum í Garðabæ eins og biðlista.

Um biðlista

Biðlistinn raðast eftir fæðingardegum barns. 219 börn eru á biðlista eftir pláss, en listinn er mjög breytilegur og tekur mið af því hversu mörg börn verða 12 mánaða gömul í hverjum mánuði.

Á biðlista hvers leikskóla eru börn sem eru að biða eftir dvöl í Garðabæ og börn sem hafa sótt um flutning á milli leikskóla í Garðabæ.

Innritun í mars

Í marsmánuði munu 45 börn fá boð um leikskólapláss- samkvæmt aldersröð. Þá verður 25 börnum sem beðið hafa í sex mánuði eða lengur boðið pláss í leikskóla (hefja leikskóladvöl í vor) samkvæmt sérstakri ákvörðun Bæjarráðs. Alls verður því 70 börnum boðin dvöl í laus leikskólapláss í marsmánuði og dvöl í leikskóla hefst á tímabilinu mars-maí.

Foreldrar á þessum lista fá samtál í þessari viku (vikuna 18. mars) og eru beðnir um að staðfesta leikskólapláss innan fimm daga samkvæmt innritunarreglum. Ef fólk vill biða eftir fyrsta vali, er næsta barni á lista boðið pláss.

Innritun í apríl

250 leikskólaplássum verður úthlutað í apríl. Dagana 4.-11. apríl bjóða leikskólar áfram börnum fæddum 2022 og fyrr leikskólapláss frá ágústmánuði.

Börn fædd á fyrri hluta 2023 fá einnig boð. Biðlisti verður frystur 1. apríl í allt að 30 daga til að hægt sé að vinna úr umsókn- um.

Næstu dagsetningar

- Dagana 7.-14. maí bjóða leikskólar börnum fæddum í ágúst 2023 og fyrr leikskólapláss frá hausti.
- Í ágúst bjóða leikskólar börnum af virkum biðlista í þau pláss sem standa til boða t.d. börn fædd fyrir ágúst 2023 sem hafa komið síðar inn á biðlista. Farið verður neðar á biðlistann eftir því sem mönnum leyfir.

Leikskólar í Garðabæ

Töluverðar breytingar hafa átt sér stað á undanförunum mánuðum til að styrkja umhverfi leikskólanna. Þar má helst nefna byggingu nýrra leikskóla, breytingar á lengd dvalar, á opnunartíma og nú er lengra páskafrí á döfinni. Með breyttu starfsumhverfi leikskólanna er mörkuð leiðin að fjölgun starfsfólks þannig að allir leikskólar verði fullmannaðir.

Garðabær býr að sterkum mannaði í leikskólum og þar er hátt hlutfall fagfólks. Garðabær er um þessar mundir í sérstakri ráðningarherferð, en vert er að hafa í huga að allar stöður í leikskólum hafa verið auglýstar án undantekninga.

Nánari upplýsingar um störf á leikskólum Garðabæjar má nálgast hér á starfabaer.is

Kósistofur, litríkar kútur og gæðajazz í Jazzþorpinu 3.-5. maí

Kristín Guðjónsdóttir upplifunarhönnuður Jazzþorpsins undirbýr hátíðina

Helgina 3. – 5. maí er komið að því að opna Jazzþorpið í Garðabæ í annað sinn.

Tildrög hátíðarinnar voru á þá leið að menningarfulltrúi bæjarins Ólöf Breiðfjörð kom að máli við Ómar Guðjónsson um að taka að sér að stýra jazzhátíð bæjarins á vormánuðum 2023 eins og menningar- og safnanefnd Garðabæjar hafði lagt til. Fljótlega vaknaði hugmynd um að breyta hátíðinni og reyna um leið að ná til sem flestra þannig að allir gætu notið, jafnt börn sem fullorðnir. Eftir vangaveltur um staðsetningu hátíðarinnar varð Garðatorg fyrir valinu og Jazzhátíð Garðabæjar varð að Jazzþorpinu í Garðabæ. Ómar og Ólöf unnu svo ötulega saman að því að þorpið yrði sem best heppnað út frá ýmsum sjónarhornum, gæði viðburða skyldu vera mikil en upplifun afsloppuð í því skyni að sem flestir gætu notið.

Ekki aðeins voru viðburðir Jazzþorpsins einstaklega áhugaverðir heldur vakti mikla athygli hvernig Garðatorgi hafði verið breytt í stað sem minnti á festival-svæði erlendis.

Sáu strax kostina við Garðatorg Blaðamaður ákvað því að tala við upplifunarhönnuð Jazzþorpsins, Kristínu Guðjónsdóttur. „Ómar fékk mig til samstarfs við að hanna umgjörð fyrir hátíðina. Það voru hæg heimatökín þar sem ég er systir hans og við Garðabæingar í húð og háir. Jafnframt hef ég komið að rekstri á Garðatorgi síðan 1987 og fannst mér strax spennandi að fá að taka þátt í að breyta torginu í tónleikaþorp. Við sáum strax kostina við Garðatorgið. Torgið er yfirbyggt. Þar skín sólin og vermir upp húsakynninn og þar eru rigningin og rokið ekki að trufla. Okkur langaði að reyna að búa til afslappaða og hlýlega stemningu þannig að rýmið og tónlistin gætu haldið utan um tónleikagesti. Við fórum á fund með yfirmönnum Góða Hirðisins, þeim Ruth Einarsdóttur, Sigrúnu Markúsdóttur og Frey Eyjólfssyni um að koma á samstarfi og fá að setja upp eins konar POP-UP markað í Jazzþorpinu. Þau tóku mjög vel í þessa hugmynd. Húsgögnin þeirra og smávaran yrðu hluti af umgjörðinni og myndu verða til sölu í Jazzþorpinu. Ágóðinn af sölnunni myndi síðan renna allur til góðgerðamála,” segir Kristín.

Fleiri komu að gerð upplifunar á torginu en Hans Vera listasmiður og hluti af teymi Jazzþorpsins, hjálpaði til við uppsetningu á þorpinu og setti upp ljósmyndasýningu með eigin myndum af jazztónlistarmönnum s auk þess sem hann smíðaði og útbjó skilti og umgjörð veitingasölu þorpsins. Veitingasalar sáu um að þorpsbúar gætu nært sig á ýmis konar góðgæti hvort heldur



Það var skemmtileg og notaleg stemning í Jazzþorpinu í fyrra



Kristín Guðjónsdóttir upplifunarhönnuður Jazzþorpsins

var í mat eða drykk. Þar stóðu eigendur þessara veitingasala vaktina sjálfir en þetta voru Mói Ölgerðarfélag, Vinstúkan Tíu Sopar, Te og Kaffi og Keli jazzsúpugaur.

Ekki má heldur gleyma Lucky Records sem hélt úti plötusölu í Jazzþorpinu þessa helgi. Verslunareigendur á Garðatorgi tóku þátt í hátíðinni með ýmsum hætti og það er sannarlega von okkar að þau taki jafn vel þátt í ár bætur Kristín við.

Það sem sérstaklega vakti gleði og athygli voru pappírskútur í öllum litum og stærðum sem skreyttu loftin á Garðatorgi og gerðu mikið til að lifga upp á stemninguna. Einnig fékk aðalinnangangur inn á torgið sérstaka upplýftingu svo ekki fór fram hjá neinum að það væri eitthvað mikið um að vera á Garðatorgi.

Fólk vildi kaupa sér minjagrip í hátíðinni í fyrra Þegar Kristín var spurð um undirbúning næstu hátíðar segir hún: „Ég hef fengið til liðs við mig Höllu Kristjánsdóttur sem er mikill fagurkeri og algjör meistari þegar kemur að uppstillingu og hönnun. Við munum í sameiningu vekja Jazzþorpið af dvala og erum byrjaðar að safna munum úr Góða Hirðinum. Miðað við aðsókn á síðustu hátíð og mikla sölu húsmuna, langar okkur til auka við vöruvalið frá Góða Hirðinum. Við reynum að safna hlut-



um sem passa sem best inn í þessa umgjörð sem Jazzþorpið þarf á að halda til að lifna við. Við ætlum einnig að hafa meira af smávörum til sölu. Við urðum vör við að fólk langaði til að kaupa sér minjagrip í hátíðinni í fyrra og geta um leið látið gott af sér leiða. Yfirmenn Góða Hirðisins sögðu okkur frá því að mörg sveitarfélög og landsbyggðarhátíðir hefðu haft samband og óskað eftir samskonar samstarfi. Þau hafi ákveðið að vera einungis í samstarfi við Jazzþorpið í Garðabæ. Það eru góðar fréttir sem gefa okkur um leið færi á að bjóða þorpsgestum upp á einstaka upplifun sem jazztónlistin og þessir húsmunir ná að skapa saman. Hægt er að segja frá því að fleiri básar munu opna á þessari hátíð fyrir utan Góða Hirðirinn og Lucky Records. Gunnar Örn gítarsmiður hefur bæst í hópinn þar sem hann sýnir verk sín. Einnig verður sérstakur antik hljóðfærabás þar sem seld verða valin gömul hljóðfæri með mikla sögu svo eitthvað sé nefnt,” segir hún.

Garðabær er stórhuga þegar að kemur að menningarviðburðum sem þessum og biður bæjarbúum og öðrum gestum til þessar tónlistar og upplifunarveislu í Jazzþorpinu helgina 3.-5. maí. Aðgangur er ókeypis og dagskráin miðar að því að gestir geti dvalið lengi í þorpinu og tekið alla fjölskylduna með.



Ljúfar veitingar voru seldar í Jazzþorpinu í fyrra



FRÍMANN & HÁLFÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfán
898 5765



Ólöf
898 3075



Kristín
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Ódýrustu páskaeggjin með appinu

Frábært úrval og besta verðið í Nettó með appinu!

21. mars



30%
appsláttur

af öllum páskaeggjum frá Góu



22. mars



30%
appsláttur

af öllum páskaeggjum frá Nóa Sírius



23. mars



30%
appsláttur

af öllum páskaeggjum frá Freyju



Þú getur notað appið í öllum verslunum Nettó og á netto.is og fengið fastan 2% afslátt í formi inneignar. Sérstök apptilboð eru auglýst reglulega.

Sæktu appið og byrjaðu að spara!



nettó

GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út 28. mars

Síðasti skiladagur föstudaginn 22. mars
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár (Frá 1989)

Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ
VIRÐING
TRAUST
REYNsla

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
Útfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna Eiríksdóttir
Umsjón útfara



Guðmundur Örn Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umsjón útfara
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta

S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

utforin.is

REYKJAVÍK | KÓPAVOGI | GARÐABÆ | HAFNARFIRÐI | LANDSBYGGÐINNI

Umhverfisvænn valkostur í umhverfisvænu samfélagi

Nýir rafmagnsvagnar í Garðabæ

Nýir rafvagnar Strætó eru komnir í akstur og munu meðal annars fara um Garðabæ í Miðgarð, Urriðaholt og á Álftanes. Engin olíumiðstöð er í vögnunum og verða þeir kynntir með rafmagni. Þeir eru því mjög umhverfisvænir og eru góð viðbót við flota Strætó og í samræmi við stefnu Strætó um kolefnislausan flota árið 2030.

Aukið aðgengi með nýjum rafvögnum

Hrannar Bragi Eyjólfsson, bæjarfulltrúi og stjórnarmaður Strætó frá Garðabæ, segir þetta vera afskaplega ánægjulegan áfanga. „Með nýjum rafvögnum fáum við bætt og aukið aðgengi meðal annars fyrir fólk sem þarf að nota hjólastól en einnig barnavagna og hjól svo dæmi séu tekin. Við erum mjög ánægð að geta boðið upp á umhverfisvænan valkost í umhverfisvænu samfélagi.“

Hleðslustöð í Ásgarði

Vagnarnir munu aka leiðir 8, 22, 23 og 31 og fyrir leið 22 í Garðabæ þýðir þetta betra aðgengi þar sem rafvagnarnir eru stærri og notendavænni en þeir sem óku leiðina áður. Settar hafa verið upp hleðslustöðvar bæði í Ásgarði og á Hesthálsi í Reykjavík. Vagnarnir eru hlaðnir í lok eða á milli aksturs.



Almar og Hrannar Bragi við nýja rafvagninn í Garðabæ



Hrannar Bragi og Almar Guðmundsson, bæjarstjóri fengu far með nýja vagninum um Urriðaholt ásamt Jóhannesi Rúnarsyni, framkvæmdastjóra Strætó.

Fyrir leið 22 í Garðabæ þýðir þetta betra aðgengi þar sem rafvagnarnir eru stærri og notendavænni en þeir sem óku leiðina áður.

Manfreð Vilhjálmsson ánafnar Hönnunarsafni Íslands teikningar sínar til varðveislu

Í síðustu viku skrifaði Manfreð Vilhjálmsson, arkitekt, undir gjafabréf þar sem hann ánafnaði Hönnunarsafni Íslands teikningar sínar til varðveislu.

Viðstöð voru börn Manfreðs þau Sólveig, Vilhjálmur Már, Gunnhildur, Sigurjón Már og Valdis Friða. Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður safnsins tók við gjafabréfinu.

Til gamans má geta þess að stóllinn á myndinni hér fyrir neðan er eftir Manfreð og er hluti af fastri sýningu safnsins, Hönnunarsafnið sem heimili. Hann hentaði til dæmis einstaklega vel þegar skrifað var undir gjafabréfið.

Hefur markað djúp spor í sögu arkitektúrs

Manfreð hlaut heiðurverðlaun Miðstöð hönnunar og arkitektúrs árið 2019. Þar segir í texta dómnefndar: „Manfreð Vilhjálmsson arkitekt hefur markað djúp spor í sögu



Manfreð og Sigríður ásamt börnum Manfreðs á Hönnunarsafni Íslands

arkitektúrs á Íslandi. Einstakur starfsferill sem spannar yfir 60 ár endurspeglar áráðni í fjölbreyttum verkefnum og metnaðarfulla listræna og faglega sýn. Eftir Manfreð liggur fjöldi tímamótaverka sem bera vott um einstaka hæfni til að takast

á við margvíslegar áskoranir staðháttu og uppbyggingar í ungu samfélagi.

Meðal tímamótaverka Manfreðs má nefna afgreiðslustöðvar Nestis við Elliðaár (1957, nú rifin) en val og meðhöndlun byggingarfnis var eitt helsta nýnæmið í hönnun þessara bygginga. Einnig eigið íbúðarhús á Álftanesi, Smíðshús sem Manfreð vann að í samstarfi við Guðmund Kr. Kristinsson, þar sem áhersla var lögð á léttleika í uppbyggingu og opna rýmisskipan. Við hönnun þjónustubygginga Tjaldstæðis í Laugardal var spunnin í kringum menningararfinn og hann útfærður með nýjum byggingafræðilegum lausnum á eftirtektarverðan hátt.

Skipulag Fossvogsgbyggðar (1966), unnið í samstarfi við Guðmund Kr. Kristinsson og Gunnlaug Halldórsson, sem einkennist af lágreistri byggð í tengslum við grænt umhverfi dalsins er áhrifamikil fyrir borgarumhverfið. Þjóðarþókklaðan sem hýsir lands- og háskólabókasafn, unnin í samstarfi við Þorvald S. Þorvaldsson er með glæsilegri opinberu byggingum í borgarlandslaginu.“



K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GRILLA Í SUMAR?

Sjáðu allt úrvalið af pizzaofnum og grillum á elko.is



WEBER
E-315 GBS gasgrill

- 3 ryðfríir brennarar 11,4 kW/h
- Pottjárnsgrindur, BBQ still
- Grillflötur 68cm x 48cm
- Rafstýrt kveikja og hitamælir í loki WE1500383

174.995

NÝTT

Vörurval getur verið breytilegt milli verslana | Birt með lýrvarna um myndabrengi og prentvillur



NINJA
Woodfire pizzaofn

- Fjölnota rafmagnsofn með 8 kerfi
- Grillar, brasar, bakar, steikir og þurrkar
- Bakar pizzu á 3 mín. 5 forstillt kerfi
- Reykofninn á hliðinni nýtist í öllum kerfum 00101EU

69.995



FCC
BBQ Mansion gasgrill

- 4 brennarar og borðhella - 17 kW/h
- Steypujárns grillgrindur MGS 66 x 47cm
- Þrjústíkkveikja og hitamælir í loki
- Slanga og þrjústíkfarni seld sér FCCG2262041

69.995

NÝTT

Á NÁGRANNI ÞINN STÆRRA GRILL?



WEBER
Q3200 gasgrill

- 3 ryðfríir brennarar 6,35 kW/h
- Rafstýrt kveikja og ljós í handfangi
- Pottjárnsgrindur 63 x 45 cm
- Niðurfellanleg hliðarborð Q3200S

84.995

ERT ÞÚ KLÁR FYRIR SUMARIÐ?



WEBER
Spirit II E-310 GBS gasgrill

- Postulín-glerungshúðað lok
- GBS Pottjárnsgrillgrindakerfi
- Grillflötur 60cm x 44,5cm
- Rafstýrt kveikja og hitamælir í loki E310SPIRIT2

94.995



WEBER
Spirit E-315 GBS gasgrill

- Rafstýrt kveikja og lokaður skápur
- GBS Pottjárnsgrillgrindakerfi
- Ryðfrítt stál í bragðburstum
- Postulín-glerungshúðað lok E315SPIR

109.995



WEBER
fitubakki

- 10 í pakka WA6415

895



NORDIC SEASON
áhalda-sett

- Töng, spaði og gaffall EGT211790

1.295



WEBER
viðloðunarfrí olía

- 200 ml brúsi WA17685

1.495



WEBER
grillbursti

- 30 cm lengd WA6277

2.495

Félagsmiðstöðin Klakinn sendi tvö atriði í söngvakeppni Kragans



Þátttakendur í söngvakeppni Kragans, en alls tóku 14 atriði þátt og þar á meðal tvo atriði frá Klakanum

Félagsmiðstöðin Klakinn tók þátt í söngvakeppni Kragans sem haldin var þann 17. mars sl. í Álftanesskóla. En í söngvakeppni Kragans taka þátt allar félagsmiðstöðvar innan Kragans.

Söngvakeppnin er undankeppni fyrir söngvakeppni Samfés sem er stærsta söngvakeppnin fyrir grunnskóla landsins.

Klakinn sendi frá sér tvö atriði en alls voru 14 atriði sem tóku þátt. Annars vegar Ólöf Þóra, nemandi í 8. bekk sem tók þátt og hins vegar Þórhildur Stella, nemandi í 10. bekk.

Bæði atriðin voru ótrúlega vel heppnuð og stelpurnar geta verið stoltar af flutningum sínum.

Ólöf Þóra komst áfram

Það voru fjögur atriði sem komust áfram og komst hún Ólöf Þóra áfram með lagið Diamonds eftir Rihönnu.

Gríðarlega stolt af báðum atriðunum

„Við í Klakanum erum gríðarlega stolt af báðum atriðum og það verður gaman að eiga fulltrúa í aðalkeppninni í ár.“ segir Tómas Þór Jacobsen, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Klakans



Tóku þátt í söngkeppninni fyrir hönd Klakans. F.v.Ólöf Þóra og Þórhildur Stella

Heimili eftir 3. bekkinga í gluggum þjónustuvevers



Heimili sem hönnuð voru af 3. bekkingum í grunnskólum Garðabæjar og prýddu glugga Hönnunarsafns Íslands frá því í desember eru nú til sýnis í gluggum þjónustuvevers á Garðatorgi 7. Húsin hafa vakið mikla athygli en þau eru afrakstur smíðja sem nemendur sóttu á haustönn í Hönnunarsafni. Það voru hönnuðumir Kristín María og Auður Ösp sem þróuðu smíðurnar en nú síðast í vetrarfrii grunnskólanna var boðið uppá smíðjur fyrir krakka. Miðað við afrakstur alls 430 krakka sem tekið hafa þátt í verkefninu Heimurinn heima þá ættu einhverjir framtíðarhönnuðir og arkitektar að leynast meðal krakka í Garðabæ. Vel gert Hönnunarsafn og krakkar í Garðabæ!



Auglýst er eftir umsóknum í þróunarsjóð leikskóla í Garðabæ

Fræðslu- og menningarsvið auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar úr Þróunarsjóði leikskóla Garðabæjar. Þróunarsjóðnum er ætlað að stuða að nýbreytni og framþróun í starfi leikskóla í Garðabæ. Einstaka leikskólakennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfs við leikskóla í Garðabæ, einn skóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu, fræðslu- og menningarsvið í samstarfi við leikskóla geta sótt um styrk í þróunarsjóð. Til úthlutunar fyrir árið 2024 eru 9.000.000 kr.

Áherslupættir Þróunarsjóðs leikskóla veturinn 2024-2025 eru:

- Samskipti barna
- Innleiðing á Barnasáttmála sameinuðupjóðanna í leikskólastarf
- Börn með íslensku sem annað/þriðja mál
- Innleiðing og áhrif breytinga Aðalnámskrá leikskóla á leikskólastarf

Við hvetjum alla áhugasama að senda inn umsókn þó verkefnið falli ekki undir áherslur þróunarsjóðs þessa árs.

Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. apríl og verður þeim svarað fyrir 30. apríl.

Frekari upplýsingar veitir Hanna H Leifsdóttir leikskólafulltrúi. Reglur og umsóknareyðublöð eru á vef Garðabæjar.



LAMBAMÝRI 1-6 | 225 GARÐABÆR



**34 SELDAR
AF 84
LAMBAMYRI.IS**

BÓKIÐ SKOÐUN HJÁ GULLA Í SÍMA 661-6056 EÐA MEÐ TÖLVUPÓSTI Á GULLI@REMAX.IS



66,9-114,9 millj.

TEGUND **Fjölbýli**
STÆRÐ **74,6-146,6 M²**
HERBERGI **3-5**

Ný byggð á Álftanesi, 225 Garðabæ við Lambamýri 1-6.

84 íbúðir í sex lágrestum fjölbýlishúsum ásamt bílastæðahúsi, verslunarhúsnæði, félagsmiðstöð eldri borgara og íbúðir fyrir 60 ára + í vesturbæ Garðabæjar, Álftanesi.

Til að byrja með hefst sala á íbúðum í húsunum við Lambamýri 3, 4, 5 og 6.

Aukin lofthæð og sér loftskiptikerfi er í öllum íbúðum. Allar íbúðir á efstu hæð eru með sér þaksvallir, aðrar íbúðir eru með hefðbundnar svalir eða verönd þar sem á við. Flestar íbúðir eru með sér þvottahús. Með öllum íbúðum í húsunum fylgir sér stæði í lokaðri bílageymslu með sumum íbúðum fylgir svo auk þess annað sér merkt stæði utandyra.

Bókið skoðun hjá Gulla í síma 661-6056 eða með tölvupósti á netfangið gulli@remax.is



Gunnar Sverrir Harðarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 862 2001 / gunnar@remax.is

Guðlaugur Jónas Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 661 6056 / gulli@remax.is

RE/MAX

**VIÐ VINNUM
FYRIR ÞIG**

Skannaðu kóðann
og líttu inn



remax.is

Fallegar og vel staðsettar íbúðir til sölu við Lambamýri á Álftanesi

Mikil uppbygging á sér stað í Álftanesi um þessar mundir, en við Lambamýri 1-6 reysir byggingaraðilinn Þingvangur ehf 84 íbúðum í sex lágrestum fjölbýlishúsum ásamt bílastæðahúsi, verslunarhúsnæði, félagsmiðstöð eldri borgara og 10 íbúðir fyrir 60 ára +. Fyrstu íbúðirnar, við Lambamýri 5 og 6 voru afhentar um sl. helgi og þær sem eru óseldar eru því tilbúnar til afhendingar.

Flottur og fríðsæll staður

„Þetta eru vel skipulagðar þriggja til fimm herbergja íbúðir með aukinni lofthæð og sér loftskiptikerfi. Íbúðirnar eru á flottum og fríðsælum stað á Álftanesi. Með öllum íbúðum í húsunum fylgir sér stæði í lokaðri bílageymslu, með sumum íbúðum fylgir svo auk þess annað sér merkt stæði utandyra,“ segir Guðlaugur Jónas Guðlaugsson (Gulli) hjá fasgeignasölu ReMax sem sér um sölu á íbúðunum.

Allar íbúðir á efstu hæð með sér þaksvallir

„Allar íbúðir á efstu hæð eru með sér þaksvallir, aðrar íbúðir eru með hefðbundnar svallir eða verönd þar sem á við. Flestar íbúðir eru með sér þvottahús. Ofanjarðar eru svo 87 stæði sem tilheyra öllum kjarnum við Lambamýri 1-6. Af þeim bílastæðum eru 22 stæði sér merkt eignum í matshlutum 02-07. Hin 65 bílastæðin eru í óskiptri sameign allra eigna á lóðinni,“ segir Gulli en hægt er að sjá nánari skil-



lýsingu, verðlista og nánari upplýsingar inn á heimasíðu verkefnisins: Lambamýri.is

Hægt er að bóka skoðun hjá Gulla í síma 661-6056 eða með tölvupósti á netfangið: gulli@remax.is

34 íbúðir seldar

Fyrir helgi voru 34 íbúðir seldar af þeim 84 íbúðum sem eru í byggingu.

Áætlaður afhendingartími:

Lambamýri 5 og 6 voru afhentar fyrir helgi eins og áður segir. Lambamýri 3 og 4, verða afhentar 1. júlí 2024 eða fyrr og Lambamýri 2, verður afhent 15. desember 2024 eða fyrr. Íbúðir við Lambamýri 1 koma síðar til sölu.

Hægt er að fá upplýsingar og setja sig á biðlista vegna þeirra íbúða hjá söluaðila hjá Gulla.



Árlegur kostnaður Garðabæjar er um 100 milljónir vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða í grunnskólum

Í síðustu viku birtist grein í Morgunblaðinu þar sem tuttugu og sex oddvitar Sjálfstæðisflokksins í sveitarfélögum um land allt gagnrýna formann Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir að fara gegn vilja sveitarfélaganna í aðkomu sinni að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og snérist það fyrst og fremst að ókeypis skólamáltíðum, en oddvitarnir fagna þó nýgerðum kjarasamningum.



Almar Guðmundsson

„Stjórn Sambandsins óskar eftir því að ríkisvaldið leiti annarra leiða við að útfæra markmið um gjaldfrjálsar skólamáltíðir en beint í gegnum gjaldskrár sveitarfélaga. Stjórnin er reiðubúin til samtals um málið á breiðum grundvelli með það að leiðarljósi að tryggja barnafjölskyldum kjarabætur og velferð.“ segir í grein oddvittanna, en Almar Guðmundsson, bæjarstjóri í Garðabæ og oddviti Sjálfstæðisflokksins er einn af þeim sem skrifar undir greinina.

Oddvitarnir segja formanninn Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar ekki hafa unnið samkvæmt vilja sveitarstjórna né bókun stjórnar og þá hafi hún haldið því ranglega fram í fjölmörgum að sátt ríkti um framkvæmdina.

Fordæmalaust mál

Garðapósturinn spurði Almar hvort hann væri ósáttur með þessar málalýktir að gjaldfrjálsar skólamáltíðir væru hluti af kjarasamningunum? „Já við erum ósátt við hvernig staðið var að ákvörðun Sambands sveitarfélaga um að sveitarfélög komi að málum með þessum hætti. Málið var illa kynnt og ekki unnið í nægilegu samráði. Þetta er fordæmalaust mál,“ segir hann.

Hafa áður tekið vel í að halda gjaldskrárhækkunum innan tiltekinnna marka

„Sveitarfélög hafa áður tekið vel í að halda gjaldskrárhækkunum innan tiltekinnna marka í tengslum við kjarasamninga og það gerum við einnig nú. Það er hins vegar allt annað mál að sveitarfélög leggi meira til málanna sem þriðji aðili í tengslum við samninga á almennum markaði, sem við höfum ekki aðkomu að. Formaður Sambands sveitarfélaga og stjórn hafa hreinlega ekki umboð til að skuldbinda sveitarfélög til þessa og ef við viljum fara í slíka vegferð er eðlilegast að sveitarfélögin komi sér saman um það á landsþingi sveitarfélaga.

Það er ekki byggt á neinni stefnumörkun í þessu og það er ekki góð stjórnsýsla að málið sé unnið svona. Um það voru fjölmargir bæjar- og sveitarstjórar sammála og fór það alls ekki eftir flokkslínum, þótt það sé sjálfstæðisfólk sem er mest áberandi út á við,“ segir hann og bætir við: „Það er ósamið við okkar viðsemjendur á opinbera markaðnum og það er eðlilegra að beina kröftum okkar í að ná góðum langtímasamningum þar, eins og náðist á almenna markaðnum.

Varðandi gjaldfrjálsar skólamáltíðir efnislega þá er það lagt fram sem jöfnunarmál því það sé góður stuðningur við efnaminni fjölskyldur. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Við höfum reyndar gætt þess sérstaklega hjá okkur að gripa inn í

aðstæður varðandi greiðslur fyrir skólamat ef aðstæður kalla á það. En það getur ekki verið góð nýting á fjármunum að gera máltíðir fyrir öll börn gjaldfrjálsar til að ná þessu markmiði.“

2600 grunnskólanemendur og kostnaður um 100 milljónir

Hvað er margir grunnskólanemendur í Garðabæ og hvað mun þetta kosta bæjarfélagið ef allir fá máltíðir? „Í Garðabæ eru 2600 grunnskólanemendur og er hluti þeirra er í sjálfstætt rekrum skólum. Þetta mál er óútfært og ríkisstjórn og Samband sveitarfélaga eiga eftir að skýra stöðuna. Talað er um að ríkisvaldið hafi skuldbundið sig til að greiða 75% af kostnaðinum sem nú fellur á foreldra og áætla um 4 milljarða í verkefnið og áætlaður hlutur sveitarfélaganna í heild er rúmur milljarður. Ætla má að árlegur kostnaður Garðabæjar upp undir 100 m.kr. Það er mikilvægt að taka fram að bæjarstjórn þarf að samþykkja hlut bæjarins og við þurfum að biða eftir endanlegum útfærslum,“ segir Almar.

Mánaðaraskrift um 13500 kr.

Hvað kostar skólamáltíðin í dag og hver er hlutur Garðabæjar, þ.e.a.s. er Garðabær að niðurgreiða að hluta til skólamáltíðina? „Að meðaltali kosta skólamáltíðir 966 kr. fyrir hverja máltíð en Garðabær er með nokkra samninga við fyrirtæki sem veita þessa þjónustu samkvæmt útböðum fyrir hvern skóla fyrir sig. Garðabær niðurgreiðir að meðaltali 368 kr. fyrir hverja máltíð. Foreldrar greiða 640 kr. fyrir hverja máltíð og greiða því um 13500 kr. fyrir fulla áskrift fyrir barn á mánuði.“

Um 2000 börn að njóta máltíðinna í dag

Hvað eru margir að kaupa skólamáltíðir í dag? „Það er mikil þátttaka yngri barnanna, eða um 90% en minni hjá þeim eldri. Við erum ekki með nákvæmar tölur en það má telja að alls séu yfir 2000 börn að njóta máltíðanna.“

Langtímakjarasamningar eru fagnaðarefni

En að öðru leiti er Garðabæ ánægður með kjarasamningana sem hafa verið gerðir? „Já, langtímakjarasamningar eru fagnaðarefni. Eins og ég nefndi áðan á eftir að semja við opinbera aðila og mikilvægt að það takist að semja á sömu nótum við þá varðandi hækkanir og tímalengd samnings. Þá er við með góða stöðu til að verðbólga og vextir lækki,“ segir Almar að lokum.

Verzlunarstjóri Engihjalla

Við hjá Nettó leitum að jákvæðri, ábyrgðarfullri og kraftmikilli manneskju í starf verzlunarstjóra Nettó Engihjalla sem hefur gaman af mannlegum samskiptum.

Um er að ræða fullt starf. Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2024.




Skannaðu QR-kóðann, kynntu þér starfið og sæktu um!

nettó

Kjötkompaní

PÁSKAR



DALSHRAUNI 13
220 Hafnarfirði

BÍLDSHÖFÐA 18
110 Reykjavík

GRANDAGARÐI 29
101 Reykjavík

kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Fallegar fermingargjafir í skartgripaversluninni bylovisa í Urriðaholti

Fermingar eru í fullum gangi en í Garðabæ er fermt í Víðalínskirkju, Garðakirkju og Bessastaðakirkju. Fermingum fylgja oftast boð og veislur þar sem ættingjar og vinir koma saman til að samgleðjast fermingarbarninu og oftast en ekki fylgja gjafir með.

Það getur þó oft reynst þrautinni þyngri að finna hugmynd að fallegri gjöf og það er orðið ansi algengt í dag að gestir mæti með umslag sem hefur að geyma peninga eða inneignarkort frá bönkum. Margir geta þó ekki hugsað sér að gefa pening í fermingargjöf og vilja gefa fermingarbarninu fallega gjöf.

Garðapósturinn heyrði í Lovísu Halldórsdóttur Olesen gullsmið og eiganda skartgripaverslunarinnar bylovisa, sem er staðsett í Vínarstræti í Urriðaholti, og spurði hvort hún væri með fallegar fermingargjafir í verslun sinni.

Er hægt að finna margar fallegar fermingargjafir í verslun þinni og hefur þú einhvern tímann hannað skartgrip sérstaklega fyrir ferminguna? „Já, við erum með mikið úrval af skartgripum fyrir fermingarstelpur og mikið af nýjungum. Mánaðarblómin er nýjast hjá okkur og er tilvalin fermingargjöf sem og stjörnumerkin og stafirnir sem henta fyrir öll kyn. Fyrir þennan aldurshóp hefur Shini tiny línur verið vinsæl enda mjög fjölbreyttir skartgripir á hagstæðu verði. Aðrar nýjar línur í fermingarpakkann eru Daisy sem eru falleg blóm, handsmiðuð hjörtu eru



Fallegar mægðurl Lovísía, skartgripahönnuður og eigandi bylovisa og Ingibjörg Agnes Þorsteinsdóttir, en Agnes var fermd um sl. helgi

alltaf sigild sem og línur Ásta. Fyrir strákana erum við einnig með unisex línur sem henta fyrir fermingardrengina, t.d Figaro og Kaðall og svo er meira á leiðinni fyrir herra,” segir Lovísía og bætir við: „Við erum einnig að taka að okkur sérsmíði fyrir þá sem eru með sérstakar óskir. Gull og demantar er líka orðið hluti af fermingargjöfum fyrir þá sem vilja gefa tímalaus gjöf sem lifir lengi. Enda er hægt að fá hjá okkur gullskargripi frá 19 þúsund krónum og uppúr.”

Nú virðast margir gefa peninga í fermingargjöf, hefur þú fundið fyrir því, er minna verslað fyrir fermingarnir núna en áður, eða eru fermingarbörnin þá jafnvel að koma sjálf og kaupa fyrir peningin sem þau fengu í fermingargjöf? „Þetta hefur já breyst frá því ég var sjálf að fermast en þá var ennþá verið að gefa meira af gjöfum. Þetta virðist samt vera að breytast aftur finnst mér og fleiri vilja koma með gjöf í veisluna. Dóttir mín fermdist um helgina og hún fékk ansi marga pakka.



Agnes bar fallegt skart hannað af móður hennar, Lovísu, í fermingunni um sl. helgi



Ungar stelpur fylgjast líka ansi vel með tiskunni, þær koma oft nokkrar saman í búðina eða með foreldrum og velja sér eitthvað fallegt þó netverslunin okkar sé ansi vinsæl líka.”

Ög þú hefur tekið saman á heimsíðunni ykkar, bylovisa.is, nokkrar vörur úr vörulínunum ykkar sem klassísk eign fyrir fermingarbörn? „Málið er að verðið skiptir alltaf miklu máli í svona gjöfum og því eru skartgripir frá 10-20 þúsund alltaf vinsælastir. Nokkrar sigildar í gegnum tíðina

eru stjörnumerkin og stafirnir sem henta báðum kynjum. Klassísk gjöf fyrir þá sem vilja gefa á þessum tímamótum skargripi sem lifir lengi þá má nefna gullhring með demanti úr Tails línunni og ekki má gleyma skartgripaskrínunum.”

Nú er vorið að detta inn og sumarið framundan, er eitthvað spennandi að gerast hjá Lovísu á næstunni? „Já, vorið og sumarið er mjög vaxandi tímabil hjá okkur því skólaútskriftirnar er í maí og júní og alla jafna er mjög vinsælt að gefa skartgrip á þessum tímamótum. Brúðkaupsskartið er vaxandi hjá okkur með auknu úrvali af gulli og demöntum sem og sérsmíðin í kringum þennan stóra dag. Vefsíðan okkar er alltaf í þróun og á næstunni opnum við sérumhverfi í kringum brúðkaupin á bylovisa.is,” segir hún og bætir við: „Lengi hefur verið beðið eftir stórrri herralínu frá okkur en hún er alveg að detta í hús og verður kynnt í vor. En annars erum við alltaf að bæta skemmtilegu inn í vinsælustu línur okkar og þá líka léttari og sumarlegri litum í steinana.”



SÓFADAGAR
20-30%
AFSLÁTTUR

ILVA Garðabæ - ILVA Akureyri - ILVA Selfoss



Páskaeggjaleit

Hin árlega páskaeggjaleit
Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ
fer fram Laugardaginn
23.mars kl. 11 á Garðatorgi 7.

Nóg af eggjum í boði fyrir
duglega leitara og nokkur
risaegg fyrir þá sem finna
sérstöku merkin!

Öll velkomin!

D

Fimm nýir stjórnendur hjá Dögum

Dagar er framsækið en rótgróið fyrirtæki, staðsett í Lyngási Garðabæ, þar sem starfa tæplega 800 manns

Dagar hafa ráðið fimm nýja stjórnendur sem öll hafa þegar hafið störf. Þau taka einnig sæti í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Ráðningarnar eru liðir í skipulagsbreytingum hjá Dögum sem tóku gildi í byrjun árs. Breytingarnar taka mið af stefnu Daga um að skapa framúrskarandi umhverfi fyrir fyrirtæki framtíðarinnar, en höfðustöðvar fyrirtækisins eru í Lyngási Garðabæ.

Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir er nýr sviðsstjóri mannauðs og sjálfbærni. Hún kemur til Daga frá Reykjavíkurborg þar sem hún starfaði sem mannauðsstjóri frá 2021. Áður starfaði hún sem mannauðsstjóri hjá Marel. Guðfinna er með B.Sc. gráðu í Viðskiptalögfræði frá Bifröst og meistaraþráðu í stjórnun, stefnumótun og leiðtogaþæfni í Aarhus University. Einnig er hún markþjálfari frá Háskólanum í Reykjavík.

Brynhildur Guðmundsdóttir er nýr sviðsstjóri þjónustu og ræstingar. Hún kemur til Daga frá Icelandair hótélum þar sem hún starfaði í tæp 30 ár, meðal annars sem sem hótél- og verkefnastjóri (General Manager) auk þess að leiða fjölbreyttar innleiðingar þvert á deildir. Brynhildur fór í miniMBA við HR og nam auk þess hótélstjórnun við Hilton Univeristy.

Ísak Ernir Kristinsson er nýr fjármála- stjórnari Daga en áður var hann sérfræðingur á fjármálasviði og sviðsstjóri fasteignamsjóna hjá fyrirtækinu. Ísak Ernir kom til Daga frá Securitas þar sem hann starfaði sem stjórnandi mannaðrar þjónustu á Keflavíkurflugvelli. Hann hefur setið stjórn-



Nýir stjórnendur Daga. F.v. Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir, Brynhildur Guðmundsdóttir, Ísak Ernir Kristinsson, Ingigerður Erlingsdóttir og Sigurður Hjaltalín Þórisson

um ýmissa félaga, þar á meðal í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, KADECOCO, undanfarin fimm ár. Ísak er með með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, með sérstaka áherslu á reikningsskil.

Ingigerður Erlingsdóttir er nýr sviðsstjóri eignaumsjónar. Hún kemur til Daga frá Icelandair þar sem hún starfaði sem flotastjóri (e. Fleet Manager). Áður var hún stjórnandi viðhalds og innkaupa í innanlandsflugi Icelandair. Ingigerður er með Executive MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík, M.Sc. í verkfræði og stjórnun frá University of Glasgow og B.Sc. í Byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands. Þá hefur hún setið námskeið í samningatækni hjá Berkley School of Business.

Sigurður Hjaltalín Þórisson er nýr sviðsstjóri sölu- og markaðsmála en hann hefur verið markaðsstjóri Daga frá 2021. Hann kom til fyrirtækisins frá N1 þar sem hann leiddi stafræna þróun. Áður starfaði Sigurður m.a. hjá LEGO Group þar sem hann bar ábyrgð á stafrænni markaðssetningu vörumerkja. Hann er með M.Sc. International Marketing and Management frá CBS í Kaupmannahöfn og B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá sama skóla.

Dagar eru framsækið en rótgróið fyrirtæki þar sem starfa tæplega 800 manns. Sérhæfing Daga byggir á áratuga reynslu, framsækni og frábæru starfsfólki. Dagar einsetja sér að vera í fremstu röð í ræstingum, þrífum, fasteignamsjón og vinnustaðalausnum þegar kemur að þjónustustigi, öryggi og nýjungum.

30 ár liðin frá stofnfundi GKG



30 ár eru liðin á sunnudaginn, 24. mars, frá stofnfundi GKG

Á sunnudaginn, 24. mars, verða 30 ár liðin frá stofnfundi Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar (GKG), sem var haldinn í Garðalundi árið 1994, en formlegar viðræður um sameiningu Golfklúbbs Garðabæjar og Golfklúbbs Kópavogs hófust í desember 1993.

Það voru fulltrúar klubbanna og fulltrúar í bæjarstjórn Garðabæjar og Kópavogs sem tóku þátt í viðræðunum, sem leiddu fjórtíu til niðurstöðu, að hagkvæmt væri fyrir klubbana að sameinast, enda höfðu verið fjárhagslegir erfiðleikar hjá báðum klúbbum, en Golfklúbbur Garðabæjar var stofnaður árið 1986 og Golfklúbbur Kópavogs fjórum árum síðar, árið 1990. Í dag eru 2623 klúbbfélagar í GKG og þar af eru börn og unglingar 808.

Garðapósturinn sló á þráðinn til Agnars Más Jónssonar, framkvæmdastjóra GKG og spurði hann í stuttu máli um þennan merka 30 ára áfanga, en nánari umfjöllun verður um afmælisbarnið, GKG, þegar nær er sumri.

Agnar Már tók við sem framkvæmdastjóri GKG um mitt sumar 2012 og hann var spurður að því hvernig afmælisbarninu liði á sínu þritugasta afmælisári? „Afmælisbarninu liður vel takk fyrir. Reksturinn gengur vel, við erum með hæfilegan fjölda meðlima í klúbbnum og GKG andinn svífur yfir völlum og íþróttamiðstöð.“

Vildu ekki stofna hefðbundinn golfklúbb

Var þetta stórt og heilvænlegt skref þegar klúbbarnir tveir voru sameinaðir í GKG fyrir 30 árum? „GKG var stofnaður fyrir 30 árum þegar Golfklúbbur Kópavogs og Golfklúbbur Garðabæjar sameinuðust undir merkjum GKG. Ég held að það hafi tvennt skipt miklu máli varðandi þessa sameiningu. Annars vegar voru tveir klúbbar að sameinast sem voru með tvö sveitafélög á bakvið sig. Hitt sem var algjört lykiltríði var að þeir sem komu að stofnun klúbbsins vildu ekki stofna hefðbundinn golfklúbb heldur íþróttafélag með áherslu á barna-, unglinga og afreksstarf. Okkur hefur borið gæfa til að viðhalda þessari stefnu sem hefur leitt af sér að hér hefur myndast mikil fjölskyldustemning og ekkert óalgenget að sjá þrjá ættliði spila saman á vellinum,“ segir Agnar.

Ög það má segja að afmælisbarnið hafi dafnað og vaxið vel á þessum 30 árum? „Á þessum 30 árum hefur meðlimum fjölgað úr 241 upp í 2.700 og golfholurnar hefur verið fjölgað úr 9 í 27. Það var svo mikil bylting þegar byggðum íþróttamiðstöðina árið 2016 og bjóðum nú félagsmönnum upp á þann möguleika að leika golfíþróttina vetur, sumar vor og haust. Við reukum samtals 22 golferma allir af Trackman gerð.“



Agnar Már framkvæmdastjóri GKG

Enginn golfklúbbur í heimi með jafn fjölmennat barna- og unglingastarf Og þið hafið undanfarin ár lagt mikið bæðu upp úr barna- og unglingastarfi, enda með fjölmennasta unglingastarfið á landinu er kemur að golfi og svo hefur félagið einnig staðið framarlega er kemur að afreksstarfi? „Þessi stefna okkar að horfa frekar á okkur sem íþróttafélag en hefðbundinn golfklúbb hefur leitt það af sér að barna- og unglingastarfið hefur vaxið og dafnað í gegnum árin. Um 800 börn og unglingar nýta sér þjónustu GKG í dag og erum við með langstærsta barna- og unglingastarfið á Íslandi. Ef við horfum til hinna norðurlandanna þá er sá golfklúbbur sem er með mesta barnastarfið með um 230 aðila og þrátt fyrir töluverða eftirgrennslan höfum við ekki fundið neinn golfklúbb í heiminum sem er með sama fjölda og við,“ segir hann..

En hvað með framtíð GKG, völlurinn er 27 holu völlur, en það stendur til að stækka hann og bæta aðstöðuna enn frekar? „Það er mikið framundan hjá okkur því Garðabær er að endurskipuleggja svæðið í kringum völlinn okkar. Það er ljóst að Mýrin mun á næstu árum breytast í æfingasvæði og við munum byggja nýjan 9 holu golfvöll sem mun liggja sunnan megin við íþróttamiðstöðina. Leikið verður meðfram Vífilsstaðavatni upp að Leirdalsopi og til baka. Þessi áform eru ennþá á teikniborðinu og munu hlutirnir skýrast þegar Garðabær líkur skipulagsferlinu sem vonandi verður á þessu ári. Eins þurfum við að byggja nýja þjónustumiðstöð fyrir golfvöllina okkar og er sama upp á teningnum þar, verið er að skipuleggja og ljóst að sveitafélögin þurfa að koma myndarlega að þessum framkvæmdum og höfum við verið í þétu sambandi við þau.“

Þetta er merkur áfangi, 30 ára afmæli, en partið verður þó eitthvað lágstemmt eða verður gert eitthvað af þessum tilefni á árinu? „Við stefnum að því að halda upp á afmælið okkar með ýmsum hætti í ár. Við erum með tvær ferðir erlendis núna í vor og haust þar sem félagsmenn flykkjast í golferdir með okkur. Við verðum með kynningardag núna í vor sem verður með afmælisbrag. Svo munum við gera Meistaramótið okkar með veglegri hætti en áður og má segja að það verði hápunkturinn á þessu afmælisári okkar.“

BEARD MONKEY

VIÐ ERUM STOLTUR STYRKTAÐILI MOTTUMARS

BEARD MONKEY MOTTUMARS MUSTACHE WAX

Allur ágóði af sölnni á Mottuvaxinu frá Beard Monkey rennur óskiptur til Krabbameinsfélagsins. Þú finnur lista yfir sölustaði um land allt á bpro.is

Kíktu á mottumars.is

bpro Krabbameinsfélagið



Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



Útivera og leikir með Tomma í Sjálandsskóla



Mánudaginn 18. mars sl. hófst nýtt val sem ber nafnið „Útivera og leikir með Tomma“ fyrir unglingsdeild Sjálandsskóla.

Alls eru 26 nemendur sem skráðu sig í valið, en valið er í anda útikennslu sem Hrafnhildur Sigurðardóttir er með fyrir yngsta- og miðstig. Í valinu verður farið í allskonar leiki og útiöldun og í fyrsta tíma voru grillaðir sykurpúðar og farið í reiptog. Tíminn gekk gríðarlega vel og skemmtu unglingsarnir sér konunglega.



Gleðjumst með fermingarbörnunum. Opið alla fermingardagana



Verið velkomin
Tímabantanir í síma 565 6620

Madonna

HÁRGREIÐSLUSTOFAN
GARÐAFLÖT 16-18 S: 565 6620

Opið alla virka daga frá 9-18

Aldrei jafn margar Stjörnustúlkur þátttakendur á Íslandsmóttinu

Íslandsmótið í áhaldafimleikum fór fram um sl. helgi, en það var Ármann sem hélt utan um mótið. Stjarnan aldrei áður átt eins margar þátttakendur á Íslandsmóttinu eða samtals sautján glæsilegar fimleikastúlkur, sem kepptu í öllum flokkum mótsins, en keppt var í frjálsum fullorðinna og unglinga, 1., 2. og 3. þrepi.


Helstu úrslit voru þessi hjá Stjörnustúlkum. **Margrét Lea** 3 sæti í fjölþraut og Íslandsmeistari á gólfi **Sigurros Ásta** Íslandsmeistari í fjölþraut unglinga og Íslandsmeistari á gólfi. Hún varð í 2 sæti á tvislá og 3 sæti á slá. **Eydís Eva** Íslandsmeistari í 1. þrepi **Ragna María** Íslandsmeistari í 3. þrepi

Auk þess varð **Índía** í 3 sæti í 1. þrepi, **Arney** varð í 2 sæti í 2. þrepi, **Rebekka** varð í 2 sæti í 3. þrepi 12 ára og yngri og **Nina** í 2 sæti í 3. þrepi í flokknum 13 ára og eldri. **Kolbrún** komst einnig í úrslit á einstaka áhöldum.


Frábært árangur og framtíðin er sannarlega björt í áhaldafimleikum hjá Stjörnuni.




Allt sem þú vilt vita um friðlýsta fólkvanginn í Urriðakotshrauni



urridavatnsdalir.is



Svíf þú inn í svefninn ...í rúmi frá okkur!



Fallegir baðsloppar.
Clarysse handklæði,
100% bómmull. 18 litir í boði.



Mikið úrval af rúmunum og göflum fyrir fermingarbarnið

Margir möguleikar í boði.
Rúm smíðuð í þeirri stærð sem
hentar. Mikið úrval af áklæðum.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Opið mánudaga-fimmtudaga frá 08:00-18:00, föstudaga 08:17:00, laugardaga 10-14 og lokað sunnudaga



GLEÐILEGA PÁSKA

OPNUNARTÍMAR UM PÁSKANA

25. MARS - MÁN 9-18

26. MARS - ÞRI 9-18

27. MARS - MIÐ 9-19

28. MARS - SKÍRDAGUR 10-18

29. MARS - FÖSTUDAGURINN LANGI LOKAÐ

30. MARS - LAU 10 -18

31. MARS - PÁSKADAGUR LOKAÐ

01. APRÍL - ANNAR Í PÁSKUM LOKAÐ



FK
FJARÐARKAUP

*einstök
verslun*

